

## **Prettáandi fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð**

Fundur haldinn miðvikudaginn 18. febrúar 2015 kl. 14:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

### **Viðstaddir:**

Eydís Mary Jónsdóttir, staðgengill forstöðumanns Þekkingarseturs Suðurnesja  
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum  
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja  
Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður og fulltrúi Sandgerðisbæjar  
Sunna Björk Ragnarsdóttir, varafulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands  
Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis  
Þorvaldur Örn Árnason, varafulltrúi SSS

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

### **Dagskrá fundarins:**

#### **1. Síðustu fundir og upptakomur**

Forstöðumaður fór yfir fundi og upptakomur setursins síðustu mánuði. Ber þar helst að nefna annan ársfund þekkingarsetra og sambærilegra stofnana sem haldinn var í Þekkingarsetrinu á Blönduósi 12. febrúar síðastliðinn. Í janúar komu nemendur í eiturefnavistfræði við HÍ í verklega kennslu í Þekkingarsetrið auk þess sem árleg vísindaferð líffræðinema við HÍ fór fram. Þekkingarsetrið hlaut 1.000.000 kr. styrk úr Vaxtarsamningi Suðurnesja til verkefnisins *Fjörur á Reykjanesi – vannýtt auðlind í ferðaþjónustu* og tók forstöðumaður við styrknum í janúar síðastliðnum. Samstarfsaðilar setursins í verkefninu eru Náttúrustofa Suðvesturlands, Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum, Markaðsstofa Reykjanes, Reykjanes jarðvangur og Hópfærðir Sævars Baldurssonar ehf.

#### **2. Starfsáætlun ársins 2015**

Forstöðumaður kynnti starfsáætlun ársins og er hún aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins.

Stjórnarformaður sagði frá því að unnið væri að breytingum á styrkumhverfi vaxtarsamnings og menningarsamnings hjá SSS í kjölfar nýs samnings um Sóknaráætlun Suðurnesja.

Halldór sagði frá væntanlegum breytingum í líffræðikennslu Háskóla Ísland, sem hugsanlega munu verða til þess að aukin kennsla fari fram í Þekkingarsetrinu.

### 3. Viðhaldsáætlun ársins 2015

Forstöðumaður fór yfir viðhald hússins á síðasta ári og kynnti viðhaldsáætlun ársins í ár. Stjórn gerði engar athugasemdir við áætlunina sem hefur verið lögð fyrir byggingarfulltrúa Sandgerðisbæjar.

### 4. Gestafjöldi á sýningar árið 2014

Forstöðumaður kynnti gestafjölda á sýningar þekkingarsetursins árið 2014 og bar saman við fjölda gesta árið 2013. Rætt var um markaðssetningu setursins og opnunartíma sýninganna.

### 5. Önnur mál

- a) Stjórnarformaður lagði fram endurnýjaðan starfssamning þekkingarsetursins við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem gildir út árið 2017. Samningurinn er aðgengilegur á heimasíðu þekkingarsetursins.
- b) Erla Ósk Pétursdóttir, fulltrúi SSS í stjórn þekkingarsetursins hefur óskað eftir því að víkja úr stjórninni vegna anna. Nýr aðalfulltrúi SSS verður skipaður í mars.
- c) Ákveðið var að halda fjórtánda stjórnarfund þekkingarsetursins 22. apríl 2015.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Eydís Mary Jónsdóttir tók saman fundargerð.

---

Ólafur Þór Ólafsson - SIGN

---

Þorvaldur Örn Árnason - SIGN

---

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

---

Sunna Björk Ragnarsdóttir - SIGN

---

Sverrir Guðmundsson - SIGN

---

Hanna María Kristjánsdóttir - SIGN

---

Eydís Mary Jónsdóttir - SIGN